



VINS2GB03A
Vinnustaðanám háriðna 1
Kennsluáætlun – Haustönn 2021

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Markmið áfangans er að kynna fyrir nemandanum sem flesta þætti fagsins og sem fjölbreyttastan starfsvettvang. Hér kynnist hann ólíkri vinnustaðamenningu og samvinnu en þetta er undirbúningur fyrir frekara nám í faginu. Nemandinn fær fræðslu um það hvað felst í því að vera fagmaður í hársnyrtiiðn og innsýn í daglegt starf á hársnyrtistofu. Lagður er grunnur að sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýnni hugsun í námi.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfi fagmannsins á ólíkum sviðum.
- mikilvægi heilbrigðs lífstíls, góðra samskipta og framkomu.
- mikilvægi þess að setja sér persónuleg markmið.
- mikilvægi fagmannlegrar framkomu og góðra samskipta.
- þjónustu á vinnustað.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mannlegum samskiptum.
- virðingu við ólíkt vinnuumhverfi og menningu.
- kurteisi og faglegru framkomu.

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- framkvæma hárvott og höfuðnudd á vinnustað.
- bera ábyrgð á verkfærum og áhöldum, sjálfum sér og öðrum.
- sýna sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýna hugsun í nám

Námsmat Símat